



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

316. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 16. janúar 2013 kl. 9⁰⁰ f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigurður Karl Jónsson í fjarveru Ingvars Grétars Ingvarssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2012.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2012 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) 54. fundur Skipulags- og byggingafultrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, 20. desember 2012.

Mál nr. 3, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 54. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 20. desember 2012. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Nr. 3: Afgreiðslur byggingarfulltrúa 2012.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 90. afgreiðslufundar frá 29. nóvember og 91. afgreiðslufundar frá 19. desember 2012.

Nr. 7: Ásgarður_Ásborgir – deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu á auglýstri breytingu á skilmálum Ásborga.

Nr. 8: Dskbr. Ásgarður – Skógarholt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs að nýju með þeirri breytingu að ný lóð við Vesturbrún er felld út.

Nr. 9: Dskbr. Ásgarður – Sogsbakki.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og hafnar endurupptöku málsins þar sem ekki liggur fyrir samstaða allra þeirra sem nýta núverandi aðkomu að svæðinu um breytingar á vegi.

Nr. 10: Dskbr. Norðurkot_Austurheiðarvegur 2 og 4 (svæði 1).

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Norðurkots sem nær til Austurheiðarvegar 2 og 4 skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Nr. 11: Hlauphólar – deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Stóru-Borgar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur greinargerð frá umsækjanda um fráveitumál svæðisins.

Nr. 12: LB_Hamrar 1 og 2.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðanna Hamra 1 og 2.

Nr. 13: LB_Stærri-Bær lnr. 168284.

Lagt fram lóðablað sem sýnir stækkun lóðarinnar Stærri-Bær 2 lnr. 168284. Lóðin er í dag skráð um 1 ha að stærð en verður eftir stækkun 22.066 m².

Samþykkt skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringar á lóðablaði í samráði við skipulagsfulltrúa.

Nr. 14: Nesjavellir – Endurskoðun dsk.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla að nýju með lagfæringum sem fram koma í fyrirbyggjandi minnisblaði Orkuveitunnar. Gert er ráð fyrir að minnisblaðið verði fylgigagn með deiliskipulagi.

b) Fundargerð 7. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. desember 2012.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.

c) Fundargerð 91. fundar fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu, 13. desember 2012.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest. Gert hefur verið ráð fyrir fjármunum til Brunavarna Árnessýslu í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

3. Hækkun á yfirdráttarheimild.

Í ljósi ný fallins Hæstaréttardóms liggur fyrir tillaga frá sveitarstjóra að yfirdráttarheimild á bankareikningi sveitarfélagsins verði hækkuð um 20 milljónir króna til viðbótar í sex mánuði. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir þessari hækkun hjá viðskiptabanka sínum.

4. Gjaldskrá gatnagerðargjalda.

Fyrri umræða um samþykkt gatnagerðargjald. Málinu vísað til annarrar umræðu.

5. Listasafn Árnesinga, skuldbreyting lána.

Fyrir liggur tölvupóstur frá formanni Héraðsnefndar Árnesinga, dagsettur 3. janúar 2013, um skuldbreytingu lána vegna Listasafns Árnesinga.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Listasafns Árnesinga, kt. 511076-0729, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.500.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Héraðsnefnd Árnesinga, sem er eigandi Listasafns Árnesinga. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að að endurfjármagna óhagstæðari lán sem tekin voru árið



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

2003 til að fjármagna húsnæði listasafnsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin samþykkir jafnframt að eignarhald að Listasafni Árnesinga og/eða Héraðsnefnd Árnesinga megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila á meðan lánið er ekki að fullu greitt.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur framselji eignarhlut í Listasafni Árnesinga og/eða Héraðsnefnd Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er sveitarstjóra, Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánessamninginn.

6. Innkoma Ásahrepps í Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs.

Fyrir liggur tölvupóstur frá skipulagsfulltrúa, Péttri Inga Haraldssyni, dagsettur 7. janúar 2013, þar sem kynnt er samkomulag milli embættis Skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. annars vegar og Ásahrepps hins vegar um inngöngu Ásahrepps í byggðasamlagið. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti aðkomu Ásahrepps að embættinu og felur oddvita að undirrita samkomulagið. Sveitarstjórn býður Ásahrepp velkominn í byggðasamlagið.

7. Erindi frá Brunavörnum Árnessýslu, kauptilboð vegna Árvegar 1.

Fyrir liggur bréf frá Brunavörnum Árnessýslu, dagsett 17. desember 2012, ásamt kaupsamningi og afsal af fasteigninni að Árvegi 1 á Selfossi. Brunavarnir Árnessýslu er kaupandi að eigninni og hefur fulltrúaráð samþykkt samninginn með fyrrvara um samþykki aðildarsveitarfélaga. Um er að ræða eignarhluta Árborgar í Björgunarmiðstöðinni, heildarverð 288.000.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi kauptilboð fyrir sitt leyti með fyrrvara um samþykki annarra aðildarsveitarfélaga.

8. Beiðni um styrk til Díönu K. Sigmarsdóttur.

Fyrir liggur bréf frá Sigmari Ólafssyni, dagsett 4. janúar 2013 þar sem óskað er eftir styrk til Díönu K. Sigmarsdóttur vegna ferða á landsliðsæfingar með unglíngalandsliði Íslands í handbolta. Díana æfir og leikur með félagliði Hauka í Hafnarfirði. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Afrit af bréfi til skipulagsfulltrúa frá lóðareigendum í Kiðjabergi vegna athugasemda við deiliskipulagstillögu.

Fyrir liggur afrit af bréf til skipulagsfulltrúa, dagsett 3. janúar 2013, frá lóðareigendum í Kiðjabergi vegna athugasemda við deiliskipulagstillögu. Erindið lagt fram.

10. Bréf frá Umhverfisstofnun vegna skýrslu um vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 20. desember 2012, ásamt skýrslu um vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Lagt fram.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

11. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna athugasemda við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2013 – 2024.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 20. desember 2012, vegna athugasemda við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2013 – 2024. Erindið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ Brunavarnir Árnassýslu. Fundargerð 107. stjórnarfundar, 13.12 2012.
- ✓ Fundargerð 13. fundar Almannavarnarnefndar Árnassýslu 14.12 2012.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 223. stjórnarfundar 08.01 2013.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 802. stjórnarfundar, 12.12 2012.
- ✓ Markaðsstofa Suðurlands, framvinduskýrsla október 2012 til janúar 2013.
- ✓ Hvati, tímarit Íþróttasambands fatlaðra 2. tbl. 22. árg. 2012.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:55